

Föstudaginn 30. október 1953.

Kærumálið nr. 13/1953.

Guðmundur Runólfsson

gegn

Einari Guðjónssyni og Gústaf Þórðarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 1. október þ. á., sem barst til Hæstaréttar 19. þ. m., hefur sóknaraðili kært dóm, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 25. september s. l. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum, en með dómi þessum var bæjarþingsmálinu vísað sjálfkrafa frá dómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, er ákveðst kr. 500.00.

Dómsorð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur Runólfsson, greiði varnaraðiljum, Einari Guðjónssyni og Gústaf Þórðarsyni, kr. 500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. sept. 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 17. þ. m., hefur Guðmundur Runólfsson, Sundlaugavegi 9, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 16. desember 1950, gegn Einari Guðjónssyni, Egilsgötu 16, og Gústaf Þórðarsyni, Hrisateig 31, báðum hér í bænum. Er málið *adallega*

höfðað gegn stefndu in solidum, en *til vara* gegn stefnda Einari einum til greiðslu á kr. 41 338,89 með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1946 til greiðsludags og málskostnaði svo og til staðfestingar á kyrrsetningu, er fram fór hjá stefnda Einari hinn 15. desember 1950.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1941 hófu aðiljar máls þessa að reka í félagi vélsmiðjuna Bjarg og átti hver um sig þriðjung fyrirtækis þessa. Tilkynntu þeir starfsemi þessa til firmaskrár Reykjavíkur hinn 6. maí 1942 og var þess þá jafnframt getið, að stefnandi væri prókúruhafi fyrirtækisins. Með samningi, dagsettum 21. maí 1946, seldi stefnandi stefndu eignarhluta sinn í fyrirtækinu. Segir í samningi þessum, að kaupverð eignarhluta stefnanda af vélum og áhöldum, þar með töldum skrifstofuhúsgögnum, skuli vera kr. 30 000,00 og greiðast við undirskrift samningsins. Kaupverð eignarhluta stefnanda í húseign fyrirtækisins, Höfðatúni 8, skyldi vera kr. 100 000,00, að frádregnum $\frac{1}{3}$ hluta áhvílandi veðskulda, eins og þær voru við undirskrift samningsins. Afsal fyrir húshlutanum skyldi fram fara 15. febrúar 1947, og gáfu stefndu út skuldabréf til tryggingar greiðslu kaupverðsins. Var skuldabréf þetta að fjárhæð kr. 100 000,00, tryggt með veði í húseigninni og vélum og áhöldum fyrirtækisins og féll í gjalddaga 15. febrúar 1947. Loks skyldi gera upp rekstur og hag verksmiðjunnar, miðað við 14. maí 1946, og að því loknu greiða stefnanda hans hluta, $\frac{1}{3}$ af nettóeignum firmans, að undanskildum vélum, áhöldum, skrifstofugögnum og húseigninni samkvæmt nánara samkomulagi síðar.

Á miðju ári 1947 komu aðiljar sér saman um að fela löggiltum endurskoðanda endanlegt uppgjör í viðskiptum þessum. Skýrsla hans, dagsett 15. nóv. 1950, hefur verið lögð fram í málinu. Er í upphafi hennar frá því skýrt, að fjárhæðir þær, er í samningnum voru greindar, eru lægri en raunverulegt samkomulag varð um að greiða stefnanda og að framkvæmd samningsins var sú, að eignarhluti stefnanda í vélum og áhöldum var talinn kr. 50 000,00, en hluti hans í húseigninni kr. 150 000,00. Við undirskrift samningsins voru honum greiddar kr. 100 000,00 og nokkrum dögum síðar gefið út til hans fyrrgreint skuldabréf að fjárhæð kr. 100 000,00. Á gjalddaga þess, hinn 15. febrúar 1947, greiddu stefndu skuld þessa að frádregnum kr. 23 160,31, er taldar voru $\frac{1}{3}$ hluti áhvílandi veðskulda. Þessar greiðslur höfðu verið inntar af hendi áður en hinn löggilti endurskoðandi var til kvaddur. Í skýrslu sinni telur hann síðastgreindan þriðjung áhvílandi veðskulda hafa verið oftalinn um kr. 1 192,73, er séu því vangreiddar stefnanda. Þá komst endurskoðandinn að þeirri niðurstöðu, að verðmæti skuldlausra eigna vélsmiðjunnar, annarra en húseignar, véla og áhalda, nemi kr. 181 426,44 eða í hlut stefnanda kr. 60 475,48. Stefnandi hafði þegar fengið framseldar útistandandi skuldir svo og peningainnstæðu, samtals að fjárhæð kr. 20 629,32 og var því samkvæmt yfirliti endurskoðandans eftir að greiða stefnanda af likvidationsverðmæti eignanna

kr. 39 846.16, auk oftalinna veðskulda, sem fyrr greinir (kr. 1 192.73) eða alls kr. 41 038.89 og byggir stefnandi kröfur sínar í málinu á þessari niðurstöðu.

Í skýrslu endurskoðandans er það skýrt tekið fram, að eigi sé með niðurstöðu þessari sannreynt, hve miklu nemi inneign stefnanda í fyrirtækinu. Til þess þurfi að fella (likvidations-) yfirlitið inn í bókhald fyrirtækisins frá uphafi til 14. maí 1946 og skipta síðan hagnaðinum af likvidationinni milli aðilja í samræmi við höfuðstólseign og einkareikninga hvers um sig. Segir svo í skýrslunni, að bókhald og uppgjör fyrirtækisins til 14. maí 1946 hafi verið í höndum stefnanda, er hafi annazt allt skrifstofuhald þess, og fengið sér til aðstoðar Snorra nokkurn Guðmundsson. Er endurskoðandinn tók að sér uppgjör, hafi honum verið sagt, að þá væri verið að ganga frá bókhaldinu og rekstrar- og efnahagsreikningi fyrirtækisins til 14. maí 1946. Er endurskoðandinn hafði í árslok 1948 komizt að raun um likvidationsverðmætið, reyndi hann að fá í sínar hendur bókhald og uppgjör fyrirtækisins til 14. maí 1946, en það var þá talið glatað. Síðar fundust fylgiskjölín, að líkindum öll, að því er endurskoðandinn telur, en bókhaldsbækur fundust ekki. Telur endurskoðandinn niðurstöðurnar af uppgjöri sínu alls kostar ófullnægjandi, til að stefnandi geti fengið greiddan hlut sinn úr félaginu, eins og hann á með réttu að vera, nema bókhald fyrirtækisins til 14. maí 1946 verði fært að nýju eftir fylgiskjölunum, en það telur hann vera mjög mikið og kostnaðarsamt verk og að ekki sé nægilega tryggt, að það geti komið að fullum notum.

Í greinargerð sinni í máli þessu báru stefndu fram aðalkröfu um frávisun þess og byggðu hana á því, að ekki væri fyrir hendi yfirlit um rekstur félagsins til 14. maí 1946, en hins vegar teldu þeir líkur til, að stefnandi hefði tekið út úr fyrirtækinu miklu hærri fjárhæðir en þeir sjálfir, bæði í reiðufé, efni og vinnu starfsmanna og væri því ekki hægt að gera sér grein fyrir heildarhag fyrirtækisins. Kröfu þeirra var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 20. apríl 1951, enda var þá eigi víst, að ekki yrði bætt úr gagnaskorti þessum áður en málinu lyki.

Hér að framan hefur því verið lýst, að stefnandi styður kröfur sínar við skýrslu endurskoðandans frá 15. nóv. 1950. Jafnframt hefur verið rakin skýrslan í aðalatriðum svo sú niðurstaða hennar, að hún sýni ekki, hver sé raunverulegur hluti stefnanda í fyrirtækinu.

Með vísan til þess og skírskotun til 1. mgr. 69. gr. einkamálaganna verður að vísa máli þessu frá dómi sjálfkrafa, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi. Málskostnaður falli niður.